



Umhverfissráðuneytið
b.t. Sigrúnar Ágústsdóttur
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 07. júní 2006
Tilvísun: 2006050019
Bréfalykill: 22.2

**Efni: Umsögn Orkustofnunar um kæru Björgunar ehf. á ákvörðun
Skipulagsstofnunar, dags. 20. mars 2006, vegna efnistöku fyrirtækisins af hafsbotni í
Kollafirði, Faxaflóa 2006-2016.**

Orkustofnun hefur borist bréf frá umhverfissráðuneytinu dags. 9. maí 2006, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um kæru Björgunar ehf. á ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 20. mars 2006, vegna efnistöku fyrirtækisins af hafsbotni í Kollafirði, Faxaflóa 2006-2016. Með bréfinu fylgir ljósrit af kæru Björgunar ehf. til umhverfissráðuneytis dags. 18. apríl 2006 og af greinargerð vegna kæru Björgunar ehf. til umhverfissráðuneytis dags. 2. maí 2006.

A. Nýtt nýtingarleyfi fyrir efnistöku í Kollafirði

Í kæru Björgunar ehf., dags. 18. apríl 2006, er lögð sérstök áhersla á að eingöngu sé um endurnýjun á eldra leyfi að ræða, en ekki útgáfa á nýju leyfi. Fyrir því eru færð þau rök að efnistaka Björgunar ehf. muni næstu 10 ár fara fram í sömu námum og fyrirtækið hefur haft leyfi til að nýta frá árinu 1990.

Orkustofnun telur að um nýtt nýtingarleyfi verði að ræða, sem verði frábrugðið eldra leitar- og nýtingarleyfi Björgunar hf. frá 28. ágúst 1990. Fyrir því færir stofnunin eftirfarandi rök:

- 1) Í 6. gr. laga nr. 101/2000 um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins nr. 73/1990, var bætt við nýju ákvæði til bráðabirgða:

“Þeir sem hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skulu halda þeim í fimm ár frá gildistöku laga þessara”.

Rétt er að benda á, að í athugasemdum við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins (125. löggjafarþing 1999-2000, þskj. 825, 524. mál), kemur fram að:

“Við setningu laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, voru fáir aðilar sem sóttust eftir efnistöku af hafsbotni. Þetta hefur breyst hin síðari ár og hafa þá ýmsir annmarkar komið fram á hinum eldri leyfum. Mikilvægt er að leiðrétta þetta, samræma ákvæði leyfanna og koma á gjaldtöku fyrir nýtingu auðlindarinnar. Rétt þykir að þeir sem hafa leyfi við gildistöku laga þessara fái aðlögunartíma að nýrri skipan mála og er aðlögunartíminn metinn hæfilegur tvö ár”.

Í ofangreindum athugasemdum kemur skýrt fram að ýmsir annmarkar séu á eldri leyfum sem mikilvægt sé að leiðrétta og einnig þurfi að samræma ákvæði leyfa. Athygli vekur að

aðlögunartími leyfishafa var rýmkaður úr 2 árum í 5 ár í meðförum Alþingis. Af þessum athugasemdum er ljóst að boðuð er ný skipan mála í leyfisveitingum iðnaðarráðherra, sem þýðir að leyfishafar þurfa að sækja um ný leitarleyfi og/eða nýtingarleyfi innan 5 ára frá setningu laganna, enda falli eldri leyfi úr gildi að þeim tíma liðnum. Ný leyfi þurfa nú að samræmast nýrri skipan mála, þ.e. þeirri löggjöf sem í gildi er um undirbúning framkvæmda, eins og lögum um mat á umhverfisáhrifum.

2) Orkustofnun hefur engin gögn í fórum sínum um staðsetningu efnistökusvæða Björgunar ehf. árið 1990, er fyrirtækið fékk leyfi til efnistöku í öllum Kollafirði. Orkustofnun telur því ekki unnt að sannreyna þær fullyrðingar Björgunar ehf., að fyrirhuguð efnistaka næstu 10 árin muni fara fram í sömu námum og undanfarna áratugi.

B. Takmarkaðar upplýsingar um efnistöku og áhrif hennar

Niðurstaða Skipulagsstofnunar, dags. 20. mars 2006, byggir m.a. á því að takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um jarðefni á fyrirhuguðum námuvinnslusvæðum, tilhögun námuvinnslunnar og samanburð á vinnslusvæðum.

Í greinargerð vegna kæru, dags. 2. maí 2006, mótmælir Björgun ehf. því að takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um áhrif vinnslunnar, þar sem yfir 40 ára reynsla sé komin á vinnsluna.

Orkustofnun dregur það ekki í efa að mikil og dýrmæt reynsla hafi safnast upp hjá Björgun ehf. frá því þeir hófu efnistöku af hafsbotni snemma á 7. áratug síðustu aldar.

Á Orkustofnun hefur lítið fundist af gögnum er tengjast starfsemi Björgunar ehf. í gegnum tíðina, enda starfsemi fyrirtækisins ekki leyfis skyld fyrir en 1990. Hugsanlegt er að iðnaðarráðuneytið, sem leyfisveitandi, hafi meira af gögnum. Í umsögn Faxaflóahafna sf., dags. 9. desember 2005, kemur fram að hafnarstjóri í Reykjavík hafi gefið leyfi fyrir og fylgst með efnistöku Björgunar ehf. allt fram til 1991-1992. Því er líklegt að hjá hafnaryfirvöldum í Reykjavík séu til einhverjar upplýsingar um efnistöku Björgunar ehf. á Kollafirði.

Frá árinu 2000 hefur Björgun ehf. sent Orkustofnun árlegt yfirlit yfir magn efnis sem tekið hefur verið úr hverri námu, en jafnframt óskað eftir því við Orkustofnun að einungis verði birtar opinberlega heildartölur efnistökkunnar eða tölur fyrir stærri svæði. Í sumum tilvikum hefur verið erfitt að átta sig á staðsetningu námanna, því hvorki hafa fylgt með hnit né yfirlitskort.

Reglugerð við lög nr. 73/1990. Í 5. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins er kveðið svo á um að:

“Með reglugerð skal iðnaðarráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um þau leyfi sem um ræðir í 3. og 4. gr.”.

Í lögum nr. 101/2000 um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins er bætt við 5. gr. laganna tveimur nýjum málsgreinum sem orðast svo:

“ Í reglugerð skal tilgreina helstu ákvæði sem fram skulu koma í leyfunum, m.a. um tímalengd leyfis, staðarmörk vinnslusvæða, gerð efnis, magn og nýtingarhraða ef um nýtingarleyfi er að ræða, upplýsingaskyldu og skil gagna, öryggis- og umhverfisráðstafanir,

eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti og leyfisgjald.

Í reglugerð skal einnig kveðið á um þau atriði sem umsækjandi skal tiltaka í umsókn um leitar- og rannsóknarleyfi skv. 2. gr. og í umsókn um vinnsluleyfi skv. 3. gr.”

Orkustofnun er kunnugt um að reglugerð með lögum nr. 73/1990 er í undirbúningi í iðnaðarráðuneyti, en slík reglugerð hefur ekki verið til fram að þessu.

Gerð og gæði efnis. Í umsögn Orkustofnunar til Skipulagsstofnunar dags. 19. desember 2005, kemur fram að í skýrslu Björgunar ehf. séu mjög takmarkaðar upplýsingar um efnisgerð og efnisgæði. Fyrir 14 af 17 efnistökusvæðum gefur Björgun ehf. upp efnisgerðina “möl og sandur” og fyrir 3 efnistökusvæði efnisgerðina “fíngerð mól og sandur”. Viðbótarupplýsingar eru þær, að á efnistökusvæði 2 í Saltvík sé mikilvæg steypuefnanáma sem hafi verið notuð frá 1970, á efnistökusvæði nr. 17 við Akurey sé helsta steypuefnanáma höfuðborgarsvæðisins og á efnistökusvæði nr. 8 við Lundey sé auk flokkunar í mól og sand, einkum gróf mól til hafnargerðar. Orkustofnun taldi að miðað við ofangreindar upplýsingar virtist vera um svo einsleitt efni að ræða að ekki væri þörf á nema örfáum efnistökusvæðum í Kollafirði.

Í svari Björgunar ehf. til Skipulagsstofnunar dags. 20. desember 2005 kemur fram að Björgun ehf. hafi látið greina fjölmörg sýni úr námum í Kollafirði, en að talsverður breytileiki sé í efni hveirrar námu og því hafi verið valin sú leið að lýsa efnisgerð með almennum orðum. Af þessum svari virðist sem að Björgun ehf. eigi mikið af gögnum um efnisgerð og efnisgæði, sem nýst geti við mat á umhverfisáhrifum efnistökkunnar og ekki þurfi að leggja í kostnað við að afla.

Sú staðreynd, að talsverður breytileiki sé í efni hveirrar námu styður enn frekar við þá skoðun Orkustofnunar að ekki sé þörf á nema örfáum efnistökusvæðum til að fullnægja þörf fyrir mismunandi efnisgerð og efnisgæði, í stað þeirra 17 efnistökusvæða sem fyrirhugað er að sækja um leyfi fyrir.

Fjöldi og stærð efnistökusvæða. Það vekur athygli að í svari Björgunar ehf., dags. 30. desember 2005, við umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, minnkar Björgun ehf. það efnismagn sem fyrirhugað var að sækja um, um allt að helming, úr 10,7 millj. m³ í allt að 6 millj. m³. Efnistökusvæðum er ekki fækkað sem verður að teljast óeðlilegt miðað við mikla minnkun í efnismagni. Fyrirhuguðum 17 efnistökusvæðum sem munu ná yfir samtals 728 ha, er nú breytt í athafnasvæði, án þess að skilgreina mun á athafnasvæðum og efnistökusvæðum, sem nú munu ná yfir 60-120 ha. Ekki er heldur gerð grein fyrir því hvernig þessar 6 millj. m³ muni skiptast á milli efnistökusvæðanna sautján, né heldur hvar efnistökusvæði verða innan hvers athafnasvæðis. Því virðist margt óljóst í áformum Björgunar ehf. eftir þessar breytingar.

Samkeppnissjónarmið. Orkustofnun fagnar ábendingum sem fram koma í svari Björgunar ehf. við umsögn Orkustofnunar dags. 20. desember 2005. Þar kemur fram að fleiri aðilar taki efni af hafsbotni við Ísland og að ólíklegt sé að smærri verk standi undir þeim kostnaði sem hlytist af kröfum Orkustofnunar um rannsóknir og gagnaskil. Orkustofnun mun skoða þessar ábendingar í samráði við iðnaðarráðuneytið við þá reglugerðarvinnu sem framundan er, og gæta þess að samkeppnissjónarmið séu í heiðri höfð.

C. Skortur á yfirlitsgögnum um efnispörf og efnistöku

Eins og kemur fram í umsögn Orkustofnunar til Skipulagsstofnunar, dags. 19. desember 2005, er æskilegt að hafa heildaryfirlit yfir magn og gæði lausra jarðefna á Faxaflóa og innfjarða hans. Þörf er á sams konar upplýsingum yfir laus jarðefni á þurrlandi í nágrenni höfuðborgarsvæðisins, til að hægt sé að meta stærð auðlindarinnar og hvernig hagkvæmast sé að nýta hana með tilliti til efnisgæða og þeirrar staðreyndar að ekki er um endurnýjanlega auðlind. Einnig þyrftu að vera til tölur um árlega efnispörf á höfuðborgarsvæðinu. Slíkt heildaryfirlit er ekki til á Orkustofnun.

Í umsögn Faxaflóahafna sf. til Skipulagsstofnunar, dags. 9. desember 2005, kemur fram það mat að efnistaka á hafsbotni í Kollafirði sé nú langt komin, jafnvel á lokastigi, ef miðað er við þá efnistökuastaði sem fjallað er um í skýrslu Björgunar ehf. Í svari Björgunar ehf., dags. 14. desember 2005, við umsögn Faxaflóahafna ehf., eru ekki gerðar neinar athugasemdir, svo líta verður á að mat Faxaflóahafna sf. sé raunhæft.

Í svari Björgunar ehf., dags. 30. desember 2005, við umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, kemur einnig fram að *“Umtalsverð óvissa er um hve mikið efni er eftir í hverri námu, og því mikilvægt að hafa svigrúm til að færa efnistöku úr einni námu í aðra eftir því sem mál þróast og námur tæmast”*.

Í ljósi ofangreindra upplýsinga frá Faxaflóahöfnum sf. og Björgun ehf. telur Orkustofnun að enn meiri þörf sé á að fá heildaryfirlit yfir magn og gæði lausra jarðefna á Faxaflóa og innfjarða hans.

Niðurstaða Orkustofnunar

Orkustofnun telur að Björgun ehf. þurfi að sækja um nýtt nýtingarleyfi vegna efnistöku í Kollafirði, þar sem eldra leyfi fyrirtækisins hafi fallið úr gildi innan 5 ára frá setningu laga nr. 101/2000.

Orkustofnun telur að fyrirhuguð efnistaka Björgunar ehf. af hafsbotni Kollafjarðar, Faxaflóa, árin 2006-2016 sé svo umfangsmikil, allt að 6.000.000 m³, að hún sé matsskyld skv. 1. mgr. 5. gr., sbr. 1. viðauka með lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Takmarkaðar upplýsingar liggja einnig fyrir um útbreiðslu, gerð og gæði jarðefna í Kollafirði.

Virðingarfyllst

Bryndís G. Róbertsdóttir
land- og jarðfræðingur

Elín Smáradóttir
lögfræðingur

Afrit sent til:

Iðnaðarráðuneytis

